**150. löggjafarþing 2019–2020.**
**Þingskjal 2118 — 686. mál.**

# Svar

**dómsmálaráðherra við fyrirspurn frá Birni Leví Gunnarssyni um samninga samkvæmt lögum um opinber fjármál.**

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvaða samninga sem í gildi eru hefur ráðuneytið og stofnanir þess gert skv. 40. og 41. gr. laga um opinber fjármál?*
2. *Samkvæmt hvaða heimild hefur hver þeirra verið gerður, sbr. heimildir í fyrrnefndum lagagreinum?*
3. *Hver er gildistími hvers samnings?*
4. *Fellur gildistími einhvers samnings utan ákvæða 40. og 41. gr. laganna? Sé svo, hvers vegna?*
5. *Hver er samanlögð árleg fjárskuldbinding hvers samnings og hvert er hlutfall hennar af árlegri fjárveitingu þess ríkisaðila sem ber ábyrgð á samningnum?*
6. *Hvaða stefnumörkun samkvæmt gildandi fjármálaáætlun liggur til grundvallar hverjum samningi fyrir sig?*
7. *Hvenær var síðast metið hvort hver samningur uppfyllti kröfur um umfang og gæði eins og gert er ráð fyrir í 5. mgr. 40. gr. laga um opinber fjármál?*
8. *Við hvaða gæðamælikvarða var miðað í tilviki hvers samnings?*
9. *Hafa verið gerðir samningar um framkvæmdir, rekstur eða afmörkuð verkefni sem falla utan 40. eða 41. gr. laga um opinber fjármál?*
10. *Eru í gildi samningar sem gerðir voru fyrir gildistöku laga um opinber fjármál, nr. 123/2015?*

Í töflunum hér að aftan er að finna yfirlit um samninga á grundvelli 40. og 41. gr. laga um opinber fjármál, nr. 123/2015, og umbeðnar upplýsingar um þá. Upplýsingarnar afmarkast af eftirfarandi: Í 40. gr. laga um opinber fjármál er fjallað um samninga sem geta komið til með þrennum hætti, sbr. fyrstu þrjár málsgreinar 40. gr. Svar í tengslum við samninga á grundvelli 1. mgr. 40. gr. afmarkast við þá samninga sem staðfestir hafa verið af hlutaðeigandi ráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra.

Engir samningar eru í gildi sem falla undir 2. mgr. 40. gr. Samningar er falla undir 3. mgr. greinarinnar og snúa að afmörkuðum rekstrarverkefnum stofnana eru að jafnaði ekki taldir upp í svarinu. Um er að ræða samninga um óverulega fjármuni sem hægt er að segja upp með stuttum fyrirvara, svo sem um ræstingu eða leigu á tölvubúnaði. Þrír samningar er snúa að 3. mgr. 40. gr. eru taldir upp þar sem samningar þessir bera með sér umtalsverðar fjárskuldbindingar.

Samningar ráðuneytis og stofnana sem gerðir hafa verið skv. 40. gr. laga um opinber fjármál með fyrrgreindri afmörkun má finna í töflu hér að aftan.

| | Viðsemjandi | Samningsefni | Heimild samkvæmt | Gildistími | Árleg fjárskuldbinding | Hlutfall af árlegri fjárveitingu | Stefnumörkun | Mat á samningum | Gæðamælikvarðar |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| *Dómsmálaráðuneytið* | | | | | | | | | |
| 06-190 | Íslensk ættleiðing | Aðkeypt þjónusta | 1. mgr. 40. gr. laga nr. 123/2015 | 12/2021 | 34.000.000 | 15,33% | Skilvirk og sanngjörn þjónusta | Ársfjórðungslega | Góð, hagkvæm og skilvirk þjónusta |
| 06-190 | Mannréttindaskrifstofa íslands | Aðkeypt þjónusta | 1. mgr. 40. gr. laga nr. 123/2015 | | 26.000.000 | 11,72% | Skilvirk og sanngjörn þjónusta | Ársfjórðungslega | Góð, hagkvæm og skilvirk þjónusta |
| 06-190 | Innheimtustofnun sveitarfélaga | Aðkeypt þjónusta | | Ótímabundinn | 10.000.000 | 4,51% | | | |
| 06-390 | Landsbjörg | Aðkeypt þjónusta | 1. mgr. 40. gr. laga nr. 123/2015 | 12/2020 | 188.800.000 | 43,27% | Skilvirk og sanngjörn þjónusta | Árlega | Góð, hagkvæm og skilvirk þjónusta |
| 06-390 | Neyðarlínan | Aðkeypt þjónusta | 1. mgr. 40. gr. laga nr. 123/2015 | 12/2021 | 44.300.000 | 10,15% | Skilvirk og sanngjörn þjónusta | Árlega | Góð, hagkvæm og skilvirk þjónusta |
| 06-352 | Neyðarlínan | Aðkeypt þjónusta | 1. mgr. 40. gr. laga nr. 123/2015 | 12/2021 | 542.100.000 | 100,00% | Skilvirk og sanngjörn þjónusta | Árlega | Góð, hagkvæm og skilvirk þjónusta |
| *Útlendingastofnun* | | | | | | | | | |
| 06-399 | RA 5 ehf. | Húsaleiga | 1. mgr. 40. gr. laga nr. 123/2015 | 08/2022 | 26.946.708 | 0,93% | Skilvirk og sanngjörn þjónusta | Ársfjórðungslega | Góð, hagkvæm og skilvirk þjónusta |
| 06-399 | RA 5 ehf. | Húsaleiga | 1. mgr. 40. gr. laga nr. 123/2015 | 08/2022 | 24.465.192 | 0,85% | Skilvirk og sanngjörn þjónusta | Ársfjórðungslega | Góð, hagkvæm og skilvirk þjónusta |
| 06-399 | E-fasteignafélag | Húsaleiga | 1. mgr. 40. gr. laga nr. 123/2015 | 05/2022 | 54.435.648 | 1,88% | Skilvirk og sanngjörn þjónusta | Ársfjórðungslega | Góð, hagkvæm og skilvirk þjónusta |

| | Viðsemjandi | Samningsefni | Heimild samkvæmt | Gildistími | Árleg fjárskuldbinding | Hlutfall af árlegri fjárveitingu | Stefnumörkun | Mat á samningum | Gæðamælikvarðar |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 06-399 | Karl Mikli | Húsaleiga | 1. mgr. 40. gr. laga nr. 123/2015 | 11/2023 | 42.357.240 | 1,46% | Skilvirk og sanngjörn þjónusta | Ársfjórðungslega | Góð, hagkvæm og skilvirk þjónusta |
| 06-399 | Hólsfjall | Húsaleiga | 1. mgr. 40. gr. laga nr. 123/2015 | 04/2023 | 82.700.808 | 2,86% | Skilvirk og sanngjörn þjónusta | Ársfjórðungslega | Góð, hagkvæm og skilvirk þjónusta |
| 06-399 | E-fasteignafélag | Húsaleiga | 1. mgr. 40. gr. laga nr. 123/2015 | 05/2022 | 79.267.620 | 2,74% | Skilvirk og sanngjörn þjónusta | Ársfjórðungslega | Góð, hagkvæm og skilvirk þjónusta |
| 06-399 | Öryggismiðstöðin | Öryggisgæsla | 3.mgr. 40. gr. laga nr. 123/2015 | 05/2020 | 118.243.815 | 4,09% | Skilvirk og sanngjörn þjónusta | Ársfjórðungslega | Góð, hagkvæm og skilvirk þjónusta |
| 06-399 | Rauði krossinn | Þjónusta við umsækjendur um alþjóðlega vernd | 1. mgr. 40. gr. laga nr. 123/2015 | 02/2021 | 339.999.999 | 11,76% | Skilvirk og sanngjörn þjónusta | Ársfjórðungslega | Góð, hagkvæm og skilvirk þjónusta |
| 06-399 | Heilsugæslan á höfuðborgarsvæðinu | Þjónusta við umsækjendur um alþjóðlega vernd | 1. mgr. 40. gr. laga nr. 123/2015 | 12/2021 | 85.200.000 | 2,95% | Skilvirk og sanngjörn þjónusta | Ársfjórðungslega | Góð, hagkvæm og skilvirk þjónusta |
| 06-399 | Ríkislögreglustjóri | Þjónusta við umsækjendur um alþjóðlega vernd | 1. mgr. 40. gr. laga nr. 123/2015 | 12/2023 | 170.040.000 | 5,88% | Skilvirk og sanngjörn þjónusta | Ársfjórðungslega | Góð, hagkvæm og skilvirk þjónusta |
| 06-399 | Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum | Þjónusta við umsækjendur um alþjóðlega vernd | 1. mgr. 40. gr. laga nr. 123/2015 | | 85.500.000 | 2,96% | Skilvirk og sanngjörn þjónusta | Ársfjórðungslega | Góð, hagkvæm og skilvirk þjónusta |
| 06-399 | Reykjavíkurborg | Þjónusta við umsækjendur um alþjóðlega vernd | 1. mgr. 40. gr. laga nr. 123/2015 | 12/2020 | 720.000.000 | 24,90% | Skilvirk og sanngjörn þjónusta | Ársfjórðungslega | Góð, hagkvæm og skilvirk þjónusta |
| 06-399 | Hafnarfjarðarkaupstaður | Þjónusta við umsækjendur um alþjóðlega vernd | 1. mgr. 40. gr. laga nr. 123/2015 | 11/2023 | 240.000.000 | 8,00% | Skilvirk og sanngjörn þjónusta | Ársfjórðungslega | Góð, hagkvæm og skilvirk þjónusta |

| | Viðsemjandi | Samningsefni | Heimild samkvæmt | Gildistími | Árleg fjárskuldbinding | Hlutfall af árlegri fjárveitingu | Stefnumörkun | Mat á samningum | Gæðamælikvarðar |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 06-399 | The International Organization for Migration | Þjónusta við umsækjendur um alþjóðlega vernd | 1. mgr. 40. gr. laga nr. 123/2015 | 08/2020 | 52.800.000 | 1,83% | Skilvirk og sanngjörn þjónusta | Ársfjórðungslega | Góð, hagkvæm og skilvirk þjónusta |
| *Fangelsismálastofnun* | | | | | | | | | |
| 06-501 | Vernd | Aðkeypt þjónusta | 1. mgr. 40. gr. laga nr. 123/2015 | Ótímabundinn | 34.300.000 | 1,67% | - | - | - |
| *Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu* | | | | | | | | | |
| 06-310 | Neyðarsímsvörun og Tetra | Aðkeypt þjónusta | 1. mgr. 40. gr. laga nr. 123/2015 | - | 20.842.656 | 0,35% | - | | - |
| *Landhelgisgæslan* | | | | | | | | | |
| 06-395 | Knut Aksel Ukland Holding | Viðhaldssamningur mótora leiguþyrlna | 3. mgr. 40. gr. laga nr. 123/2015 | 12/2023 | 295.000.000 | 6,90% | Skilvirk og sanngjörn þjónusta | Símat | Góð, hagkvæm og skilvirk þjónusta |
| 06-395 | Knut Aksel Ukland Holding | Viðhaldssamningur vélarhluta leiguþyrlna | 3. mgr. 40. gr. laga nr. 123/2015 | 12/2023 | 600.000.000 | 14,00% | Skilvirk og sanngjörn þjónusta | Símat | Góð, hagkvæm og skilvirk þjónusta |